

AUGLÝSING

um varúðarráðstafanir vegna gin- og klaufaveikifaraldurs í nálægum löndum.

Vegna þess, að gin- og klaufaveiki hefur orðið vart í nálægum löndum, vill landbúnaðarráðuneytið vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga nr. 11/1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki berist til landsins.

Í þessu sambandi skal sérstaklega tekið fram eftirfarandi:

1. Engar undanþágur verða veittar um innflutning spendýra og fugla, svo og þeirra vara, sem um ræðir í 2. gr. laganna, t. d. hálmur, notaðir þokar, fiður, burstar o. s. frv.
2. Alveg er bannaður innflutningur á hráum og litt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, þar með taldir alifuglar.

Brot á lögum nr. 11 1928 og auglýsinga, sem settar eru samkvæmt þeim, verða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. desember 1963.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 217.

7. desember.

REGLUGERÐ

um leyfi í skólum.

1. gr.

Í skólum, sem heyra undir menntamálaráðuneytið, skulu leyfi nemenda vera sem hér segir:

- I. 1. desember.
- II. Jólaleyfi:
 1. Í barnaskólum frá og með 19. desember til og með 6. janúar.
 2. Í framhalds- og sérskólum frá og með 21. desember til og með 3. janúar.
- III. Öskudagur.
- IV. Páskaleyfi:
 1. Í barnaskólum frá og með mánudegi eftir pálmásunnudag til og með þriðja í páskum.
 2. Í framhalds- og sérskólum frá og með miðvikudegi fyrir skirdag til og með þriðja í páskum.
- V. Sumardagurinn fyrsti.
- VI. 1. maí.
- VII. Uppstigningardagur.
- VIII. Hvítasunnuleyfi frá og með laugardegi fyrir hvítasunnu til og með þriðjudegi eftir hvítasunnu. Þó er heimilt að halda próf laugardag eða þriðjudag.
- IX. 17. júní (í skólum, sem þá kunna að vera starfandi).
- X. Heimilt er að veita eins dags leyfi í mánuði („mánaðarfrí“), ef eigi eru önnur sérstök leyfi í þeim mánuði.
- XI. Helgidagar þjóðkirkjunnar, sem eigi hafa þegar verið taldir.